

| SJÓÐIR Í UMSJÓN MINJASTOFNUNAR

HÚSAFRIDUNARSJÓÐUR

Sjóðurinn veitir styrki til viðhalds og endurbóta á friðlýstum og friðuðum húsum og mannvirkjum og sérstökum verndarsvæðum í byggð. Einnig er heimilt að veita styrki til viðhalds annarra mannvirkja sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi. Sjóðnum ber að stuðla að byggingarsögulegum rannsóknum, þar með talið skráningu húsa og mannvirkja og miðlun upplýsinga um þær.

FORNMINJASJÓÐUR

Hlutverk sjóðsins er að stuðla að varðveislu og rannsóknum á fornminjum. Úthlutað er styrkjum til fornleifauppgrafta og -skráningar, varðveislu, viðhalds og miðlunar upplýsinga um fornminjar og rannsókna á forngripum. Einnig er heimilt að veita styrki til viðhalds annarra menningarminja sem teljast hafa varðveislugildi, þótt þær njóti ekki friðunar á grundvelli aldurs.



Eyjólfspakkhús í Flatøy á Breiðafirði

FRAMTÍÐARSÝN MINJASTOFNUNAR ÍSLANDS

er að verndun menningarminja verði órjúfanlegur hluti af íslensku samfélagi. Minjarnar verði stöðug uppspretta innblásturs og upplifunar og viðfangsefni rannsókna. Íbúar landsins verði virkir þátttakendur í minjavernd, menningarminjar verði nýttar á sjálfbæran hátt og þekkingu um þær miðlað með fjölbreyttum hætti.



| Minjastofnun Íslands | Suðurgötu 39 | 101 Reykjavík |
| Sími 570 1300 | postur@minjastofnun.is | www.minjastofnun.is |



MINJASTOFNUN ÍSLANDS |



Fornleifauppgróftur í Móakoti á Seltjarnarnesi

HLUTVERK MINJASTOFNUNAR ÍSLANDS ER AÐ TRYGGJA
VERND JARÐFASTRAR MINJA, Þ.E. MANNVIRKJA, HÚSA OG
FORNLEIFA Í EIGIN UMHVERFI, AUÐVELDA AÐGANG AÐ
MINJUNUM OG MIÐLA UPPLÝSINGUM UM ÞÆR.

Stofnunin hefur umsjón með skráningu mannvirkja og gefur umsagnir vegna skipulagsvinnu, umhverfismats og breytinga á friðuðum og friðlýstum húsum. Minjastofnun sér einnig um leyfisveitingar varðandi útflutning á gripum og sýnum úr fornleifauppgroftum og gripum úr einkaeign sem teljast til þjóðarverðmæta. Minjastofnun heyrir undir Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

*Suðurhús í Suðursveit,
Hornafirði*

VIRÐING
FAGMENNSKA
SAMVINNA

MINJASVÆÐI OG MINJARÁÐ

LANDINU ER SKIPT Í ÁTTA MINJASVÆÐI. Á HVERJU SVÆÐI STARFAR MINJAVÖRÐUR OG MINJARÁÐ.

Minjaverðir eru starfsmenn Minjastofnunar Íslands og fulltrúar stofnunarinnar í héraði. Þeir sinna margþættum verkefnum og stýra m.a. fundum og starfsemi minjaráða.

Minjaráðin eru samráðsvettvangur um varðveislu og nýtingu menningarminja á hverju minjasvæði. Þau beita sér fyrir uppbyggilegum verkefnum á sviði minjavörslu til eflingar byggðar og atvinnusköpunar, meðal annars með ályktunum sem beint er til sveitarstjórna eða annarra stjórnvalda. Minjaráðin eru vettvangur fyrir íbúa til að hafa áhrif á þróun minjaverndar í heimabyggð.

ÞAÐ ER HAGUR OKKAR ALLRA AÐ VEL SÉ STAÐIÐ AÐ SKRÁNINGU OG VARÐVEISLU MENNINGARMINJA. VIÐ BERUM SAMEIGINLEGA ÁBYRGÐ Á VARÐVEISLU ÞEIRRA OG ÞVÍ ER MIKILVÆGT AÐ ALLIR ÍBÚAR LANDSINS TAKI HÖNDUM SAMAN UM VERNDUN ÞEIRRA.

FORNLEIFAR

Allar fornleifar 100 ára og eldri eru friðaðar, auk þess sem rúmlega 800 fornleifar eru friðlýstar. Umgengni um fornleifar er háð ákveðnum reglum:

- Aðeins fornleifafræðingar geta fengið leyfi til fornleifarannsókna sem hafa jarðrask í för með sér.
- Leyfi þarf til að merkja fornleifar eða nýta í tengslum við ferðaþjónustu, í auglýsingaskyni, við kvikmyndun eða sölu á vöru og þjónustu.
- Sóknarnefndum ber að leita til Minjastofnunar vegna framkvæmda við kirkjur landsins og í gömlum kirkjugörðum.
- Fornir gripir sem finnast á víðavangi eru eign íslenska ríkisins og ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunar.
- Almennungi ber að gera Minjastofnun viðvart ef fornleifar liggja undir skemmdum.

Í skipulagsvinnu sveitarfélaga þarf að gera ráð fyrir fornleifum og hvernig mætti nýta þær til góðs fyrir sveitarfélagið, íbúa þess og gesti. Skrá þarf allar minjar og senda skýrslu til Minjastofnunar til samþykkis áður en skipulagið tekur gildi.




Vatnsmylla, rjómabúið á Bausstöðum



Fjós á Stöng í Þjórsárdal



Úr Selárdal í Arnarfirði



Úr Hólavallagarði, Reykjavík



Fjárborg í Skötufirði



Hegningarhúsið við Skólavörðustíg

HÚS OG MANNVIRKI

Minjastofnun Íslands ber að tryggja varðveislu byggingararfs þjóðarinnar. Til byggingararfs teljast hús og önnur mannvirki og einstakir hlutar þeirra sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi.

Um 500 byggingar á Íslandi eru friðlýstar. Friðlýsing fornleifa, húsa og mannvirkja getur falið í sér kvöð sem þinglýst er á eignina og hefur þann tilgang að tryggja sem best varðveislu menningarminja.

Friðuð eru öll hús og mannvirki sem eru 100 ára eða eldri. Friðun felur í sér sjálfkrafa verndun húsa og mannvirkja á grundvelli aldurs þeirra. Óheimilt er að raska friðuðum húsum og mannvirkjum, spilla þeim eða breyta, rífa þau eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Framkvæmdir við hús og mannvirki sem byggð voru árið 1925 eða fyrr og kirkjur sem reistar voru 1940 eða fyrr eru umsagnarskyldar. Hafa skal samband við Minjastofnun með minnst fjögurra vikna fyrirvara áður en framkvæmdir hefjast.

Á heimasíðu Minjastofnunar má sjá lista yfir öll friðlýst hús og mannvirki á Íslandi og staðsetningu þeirra á kortasjá.